



Fundargerð

Stjórnarfundur Þyts

Stjórnarfundur haldinn í húsnæðir Þyts þann 2. Febrúar 2025

Fundur hófst: 16:40

Fundi slitið: 17:40

Fundinn sátu: Helga Veronica Foldar, Þóra Z. Þórðar, Haukur Vagnsson, Rán Pétursdóttir, Þóra Björk Elvarsdóttir og Ólafur Ágúst Axelsson

Funargerð ritaði: Rán

Dagskrá

1. Hlutverkaskipting stjórnar

- Helga Veronica Foldar er kjörinn formaður til eins árs.
- Haukur Vagnsson varaformaður og kjörinn til tveggja ára.
- Þóra Björk Elvarsdóttir tekur að sér gjaldkerann til eins árs.
- Rán Pétursdóttir áfram ritari og kjörin til eins árs.
- Þóra Z Þórðardóttir er meðstjórnandi.
- Ólafur Ágúst Axelsson er fyrsti varamaður og vararitari
- Birna Rut Björnsdóttir er annar varamaður.

2. Félagatal

- Eins og staðan er núna þá er ekki félagatal svo við erum ekki með nákvæma tölu á félagsmönnum.
- Það þarf að endurskoða skráningarkerfið í Þyt og setja á fót kerfi þar sem hægt er að halda skrá yfir félagsmenn. Hægt að gera þetta í gegnum vefsíðuna og komu fram góðar hugmyndir um þá framkvæmd.
- Jafnframt þarf að passa að það skráist allir aðilar innan fjölskyldunnar þegar greitt er fjölskyldugjald.

3. Gestaskútunefnd

- Það þarf að taka ákvörðun um það hverjir halda utan um að taka á móti gestaskútum. Eins og staðan er í dag hefur Markús með hjálp Árna Áskelssonar og fleiri manna haldið utan um það. Jafnframt þarf að útbúa kynningarefni fyrir gestaskúturnar. Einnig þarf að lesa af rafmagninu og rukka fyrir það. Stjórn samþykkir að Ólafur Ágúst muni taka þennan bolta og vera hafnarstjóri Þyts.
- Mæling rafmagns fyrir gestaskútur. Allir sem tengjast landrafmagni eiga að vera með mæli og ef þeir eru ekki með mæli, geta þeir leigt mæli hjá okkur svo hægt sé að rukka rétt fyrir notkun rafmagnsins.

4. Umgengi á verkstæðinu

- Haukur leggur til að það verði verkstæðisstjóri og að sá sem verður útnefndur verkstæðisstjóri sér um að halda skrá yfir þá sem eru að nota verkstæðið og veitir aðgang að því. Þannig er lokað á verkstæðinu þegar að annað starf, til að mynda barnastarf er að ræða og þá fæst betri yfirsýn yfir verkfærinn sem eru í eigu Þyts.

5. Listi yfir hluti sem þarf að kaupa



Fundargerð

Stjórnarfundur Þyts

- a. Það þarf að kaupa klósett, eldhúsinnréttingu og margt fleira. Útbúa lista yfir hluti sem þarf að kaupa og bera undir næsta stjórnarfund.
- 6. Samskipti við Hafnarfjarðarbæ**
 - a. Samningur Hafnarfjarðarbæjar við Siglingaklúbbinn Þyt. Það er búið að endurnýja samninginn við önnur íþróttafélög Hafnarfjarðar en það þarf að endurnýja samninginn sem Þytur er með við bæinn. Haukur bíður sig fram til að sjá um þau samskipti fyrir stjórn og er það samþykkt.
- 7. SKFÍ samningur**
 - a. Rætt um samningsdröginn sem að fyrri stjórn átti við SKFÍ en frekari umræðu frestað til næsta fundar.
- 8. Önnur mál**
 - a. Engin önnur mál rædd.